# RE: Kampi ehf - Vatnsskattur

| | | |
|---|---|---|
| **Til** | : | Brynjar Ingason <brynjar@kampi.is> |
| **Frá** | : | Birgir Gunnarsson |
| **CC** | : | Bryndís Ósk Jónsdóttir |
| **Heiti** | : | RE: Kampi ehf - Vatnsskattur |
| **Málsnúmer** | : | 2019060071 |
| **Málsaðili** | : | Kampi ehf. |
| **Skráð dags** | : | 09.10.2020 15:34:33 |
| **Höfundur** | : | Birgir Gunnarsson |

Sæll Brynjar

Takk fyrir erindið, við tökum þetta á dagskrá bæjarráðs eftir viku.

Kær kveðja,
**Birgir Gunnarsson bæjarstjóri**
450 8024 – 897 3464 - birgir@isafjordur.is

---

**From:** Brynjar Ingason [mailto:brynjar@kampi.is]
**Sent:** föstudagur, 9. október 2020 15:25
**To:** Birgir Gunnarsson
**Subject:** Kampi ehf - Vatnsskattur

Sæll Birgir.

Í samræmi við það sem við ræddum um daginn þegar ég kom til þín þá sendi ég þér þennan póst með beiðni um að afsláttarkjör Kampa ehf á vatnsnotkun verði 75% í stað 60% eins og hann er nú. Vísa ég að því tilefni í bréf frá Kampa undirrituðu af mér þar sem þessi beiðni kemur fram. Það bréf afhenti ég þáverandi bæjarstjóra Guðmundi Gunnarssyni á skrifstofu bæjarstjóra í byrjun desember 2019. Þá vísa ég ennfremur í fund sem við forsvarsmenn Kampa ehf áttum með bæjarfulltrúunum Daníel Jakobssyni og Marzellíusi Sveinbjörnssyni þann 31. janúar sl þar sem við áréttuðum þessar óskir sem fram komu í bréfinu um afsláttinn og tóku þeir jákvætt í það og að málið yrði skoðað. Það hefur ekkert gerst í þessu máli síðan þá og því kom ég og ræddi þetta við þig í síðustu viku.

Með von um jákvæða niðurstöðu.

Kveðja,

Brynjar Ingason
Kampi ehf